



## Aðalfundur Ungmennafélagsins Aftureldingar 2013.

Haldinn í Listasal Mosfellsbæjar þann 4. apríl.

### Dagskrá

1. Fundarsetning
2. Skýrsla formanns
3. Ársreikningur
4. Fjárhagsáætlun
5. Heiðursviðurkenningar
6. Kosningar
7. Önnur mál

### 1. Fundarsetning

Guðjón Helgason formaður félagsins setti fundinn klukkan 18 og bauð fundargesti velkomna til fundarins. Lagði hann til að Hafsteinn Pálsson yrði kjörinn fundarstjóri sem samþykkt var með lófataki. Fundarstjóri þakkaði traustið og gerði tillögu um Önnu Sigríði Guðnadóttur sem fundarritara sem samþykkt var með lófaklappi.

### 2. Skýrsla formanns.

Guðjón fór yfir skýrslu formanns fyrir starfsárið 2012-2013 sem lá frammi á fundinum í ársskýrslu félagsins. Kom fram í máli hans að aðalstjórn hafi fundað 18 sinnum á tímabilinu og formannafundur hafi verið 8 talsins. Félagsmenn voru 3576 samkvæmt félagaskráningarkerfinu Felix um áramót 2012/2013 og iðkendur 1127 í tíu deildum.

### 3. Ársreikningar 2012

Hekla Klemenzdóttir gjaldkeri aðalstjórnar kynnti ársreikninga félagsins sem birtir eru í ársskýrslu félagsins. Niðurstöðutölur eru:

Rekstrartekjur	176.234.070
Rekstrargjöld	173.110.722
Hagnaður án fjármagnsliða	3.123.348

Fjármunatekur og fjármunagjöld	(1.314.340)
Hagnaður	1.809.008

Efnahagsreikningur:

Eignir samtals	27.230.298
Skuldir og eigið fé	27.230.298

Fundarstjóri gaf orðið laust til umræðu um ársreikninga.

Spurt var um skammtímakröfur upp á 21.000.000 krónur. Spurt var um ógreiddar lífeyrisskuldbindingar og hvernig þær væru færðar í bókhald. Í svari gjaldkera kom fram að skammtímakröfur væru að lang mestu leyti skuldir deilda við aðalstjórn og inni í þeirri tölu væru líka þessar lífeyrisskuldir sem aðalstjórn tók að sér að greiða.

Spurt var um kostnað sem bættist við lífeyrisskuldbindingarnar og upplýst að lögfræðikostnaður féll á aðalstjórn en vaxtakostnaður á deildirnar sjálfar. Þá var spurt um heildarkostnaðinn vegna þessara vangreiddu lífeyrisskuldbindinga og gjaldkerinn benti á að vaxtakostnaður í ársreikningi væri að lang stærstum hluta vegna þessara lífeyrisskulda. Spurt var hvort deildirnar hefðu staðið í skilum með sínar greiðslur á þessum tíma til aðalstjórnar vegna þessara skuldbindinga og hvort greiðslur hafi strandað þar. Svárið var að deildirnar voru að safna þessum skuldum á þessum tíma. Spurt var um hækkun á liðnum rekstur mannvirkja. Fram kom að bærinn hækkaði þá tölu sem þeir færa sem húsaleigu en eins og áður þá komi styrkur á móti svo fjárhæðin fari inn og út úr bókhaldinu. Spurt var um töluna „Önnur gjöld“ upp á 2.007.375 krónur. Gjaldkeri fór yfir listann yfir þau atriði sem saman mynda þessi önnur gjöld. Þar er m.a. kostnaður vegna skemmtanahalds sem félagið greiddi bænum fyrir afnot af íþróttahúsinu s.s. vegna Þorablóts Aftureldingar og í túninu heima.

Valdimar Leó Friðriksson skoðunarmaður reikninga kvaddi sér hljóðs úr pontu. Lagði til að fundað yrði oftár með deildum til að skýra fjárhagsstöðu þeirra. Hann gerði að umtalsefni hugmyndir um að sækja um að halda Unglingalandsmót og nefndi í því sambandi að lagfæra þyrfti tjaldsvæði og frjálsíþróttavöllinn. Fagnaði fjölgun starfsmanna á skrifstofu félagsins en taldi að skýra þyrfti betur hlutverk starfsfólks. Valdimar gerði athugasemd við miklar skuldir deilda við aðalstjórn og hvatti til 6 mánaða uppgjors og helst mánaðarlegs uppgjors til að deildir hafi alltaf réttar upplýsingar. Valdimar nefndi einnig að hann skildi ekki hvers vegna Tungubakkastyrkur væri á forræði aðalstjórnar og fór yfir forsögu styrksins.

Framkvæmdastjóri tók því næst til máls. Þakkaði Valdimar hans innlegg og svaraði þeim atriðum sem fram komu. Skýrði frá heildarendurskoðun alls bókhalds og taldi að félagið væri að komast á réttan kjöl og starfið á skrifstofunni væri að slípast til. Varðandi Tungubakka þá nefndi hann að enginn rekstrarhagnaður væri nú af Bökkunum. Framkvæmdastjóri taldi að rekstur Tungubakka ætti heima hjá aðalstjórn eins og annar rekstur aðstöðu, nefndi sem dæmi að handknattleiksdeild ræki ekki íþróttahúsið. Hanna Símonardóttir kom í pontu og benti á að ef sótt verði um Unglingalandsmót þá

verði í endurbótum íþróttaaðstöðu horft til þess hvar þörfin væri mest innan félagsins og hjá iðkendum en ekki bara rokið af stað til gert eitthvað.

Hekla gjaldkeri kom í pontu og sagði, vegna ummæla skoðunarmanns um örari uppgjör, að auðvitað gætu gjaldkerar alltaf kallað eftir nýjustu upplýsingum hjá bókara félagsins.

Fundarstjóri bar ársreikning upp til samþykktar og var hann samþykktur einróma.

#### **4. Fjárhagsáætlun 2013.**

Jóhann Már Helgason kynnti fjárhagsáætlun. Upplýsti að því miður væri ekki búið að ganga frá samningi við bæinn. Þess vegna byggji fjárhagsáætlun á áætlun fyrra árs. Gert er ráð fyrir tekjum upp á 158.364.360 og gjöldum upp á 158.150.000. Gert er ráð fyrir rekstrarafgangi upp á 214.360. Fjárhagsáætlun er birt í ársskýrslu félagsins sem liggur frammi á fundinum.

Fundarstjóri gaf orðið laust vegna fjárhagsáætlunarinnar.

Spurt var hvort ekki væri gert ráð fyrir útleigu aðstöðu. Framkvæmdastjóri upplýsti að tveir leigutímar væru í boði og litlar tekjur að hafa úr þeim. Félagið nýtti alla aðra tíma. Spurt var um styrk til fyrirmyndarféлага. Framkvæmdastjóri útskýrði að hann kæmi inn til aðalstjórnar og skiptist síðan á milli deildanna.

#### **5. Heiðursviðurkenningar**

Formaður og framkvæmdastjóri afhentu brons- silfur- og gullmerki félagsins.

##### **Brons:**

Ólafur Ingi Óskarsson	frjálzar
Kolbeinn Högnason	knattspyrna
Ragnar Ólason	knattspyrna
Einar Þór Magnússon	knattspyrna
Ragnar Þór Hartmannsson	knattspyrna
Árni Magnússon	knattspyrna
Pétur R. Grétarsson	knattspyrna
Lára Berglind Helgason	knattspyrna
Ásgeir Sveinsson	handbolti
Hlynur Þrastarson	handbolti
Ingimundur Helgason	handbolti
Leifur Guðjónsson	handbolti

##### **Silfur:**

Andrea M. Jónsdóttir	karate
Sveinbjörg Davíðsdóttir	handbolti
Einar Scheving	handbolti

##### **Gull:**

Guðrún Kristín Einarsdóttir	blak
-----------------------------	------

## 6. Kosningar

Fundarstjóra hafði borist eitt framboð til formanns frá Guðjóni Helgasyni. Fleiri framboð bárust ekki og skoðast Guðjón Helgason rétt kjörinn formaður Ungmennafélagsins Aftureldingar til eins árs.

Anna Sigríður Guðnadóttir og Ásmundur Pálsson gáfu ekki kost á sér til endurkjörs.

Einn stjórnarmaður, Helga Jóhannesdóttir sem kjörin var til tveggja ára 2012, hafði tilkynnt fyrir aðalfund að hún þyrfti að hætta vegna anna. Eitt framboð barst í það stjórnarsæti til eins árs frá Eymundi Sigurðssyni og skoðast hann rétt kjörinn.

Tvö framboð bárust til stjórnarsetu til tveggja ára, frá Auði Gunnarsdóttur og Gylfa Gíslasyni og skoðast þau rétt kjörin. Varamaður til tveggja ára var kjörinn Lára B. Helgadóttir og varamaður til eins árs Geirharður Long.

Stungið var upp á Valdimar Leó og Helgu Jóhannesdóttur sem skoðunarmönnum reikninga og það samþykkt með lófaklappi. Skoðunarmaður deilda var kjörinn Valdimar Leó Friðriksson.

## 7. Önnur mál.

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri kvaddi sér hljóðs og þakkaði fyrir hönd bæjarins fyrir samstarfið við félagið sem hefur verið mjög gott. Óskaði hann heiðursmerkjahöfum til hamingju og þeim sem kjörnir voru til stjórnarsetu og nefndi að félagði lifði og nærðist á sjálfboðaliðastarfi. Bæjarstjóri nefndi sérstaklega þann árangur sem iðkendur hafa náð í ýmsum greinum og það sem skiptir mestu máli að barna og ungmennastarfið sem félagið sinni sé ómetanlegt fyrir bæjarfélagið. Félagið sinni þessu samfélagslega verkefni í samstarfi við bæinn með miklum sóma oft við erfiðar aðstæður. Bæjarstjóri nefndi að eðlilega hefði félagið talsverðar væntingar og kröfur til bæjarins og bæjaryfirvöld reyni eins og mögulegt er að koma til móts við þær væntingar. Bæjarstjóri upplýsti að vonast væri til þess að nýja húsið yrði tilbúið til notkunar í nóvember 2013. Bæjarstjóri nefndi einnig nýja skrifstofuaðstöðu félagsins sem útbúin var síðastliðið haust og ræddi aðkomu bæjarins að ráðningu íþróttastjóra. Bæjarstjóri kom inn á stöðu samningamála og upplýsti að þær tölur sem eru í drögum að samningi eru hærrí en þær sem fram koma í fjárhagsáætlun.

Bæjarstjóri lýsti einnig skilningi á að félagið fái eitthvað til baka af því sem skorið var niður í hruninu. Bæjarstjóri lýsti því að sameiginlegur skilningur væri á mikilvægi þess að festa yrði rekstur félagsins í sessi og mikill vilji væri til að ljúka samningum á næstu dögum. Stefnt er að því að gera samning til nokkurra ára í senn. Bæjarstjóri lauk máli sínu með að þakka samstarfið og lýsa skilningi á því geysilega mikilvæga starfi sem félagið sinnit og að ekki væri hægt að hugsa sér Mosfellsbæ án Aftureldingar.

Spurt var úr sal hvort eitthvað væri í undirbúningi vegna 105 ára afmælis félagsins.

Formaður mfl kvk, Hallur Birgisson, sem hefur verið virkur sjálfboðaliði í fjölda ára hvatti til þess að félagsgjöld verði innheimt. Einnig spurði hann um af hverju félagið væri fyrirmyndarfélag, sem eykur bara kostnað og hærrí greiðslur renni til ríkisins. Lagði hann

til að Afturelding hætti að vera fyrirmyndarfélag. Lagði til að tekið verði saman hvað það hefur kostað að verða fyrirmyndarfélag.

Hanna Símonardóttir kom næst í pontu og vildi hvetja alla karla á fundium til að mæta á herrakvöld Aftureldingar þann 12. apríl.

Árni Magnússon vildi segja sem þjálfari að hann teldi að félagið ætti áfram að vera til fyrirmyndar og fyrirmyndarfélag.

Framkvæmdastjóri upplýsti eð ekkert hefði verið rætt að halda upp á 105 ára afmælið. Einnig upplýsit hann að vinnuavið a koma á félagsgjöldum væri langt komin á vegum aðalstjórnar. Hvað varðaði umræðu um fyrirmyndarfélag eða ei þá væri ljóst að hærri styrkur fengist ef deild hefði viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag. Framkvæmdastjóri nefndi að hans privat skoðun væri að hver deild fyrir sig ákæði hvort starfsfólk deildar væri ráðið sem verktakar eða ei.

Úr sal kom spurning um flettiskiltið við Vesturlandsveg. Framkvæmdastjóri fór yfir málið, sagði frá því að samningnum hefði verið sagt upp og nýr væri í undirbúningi. Hestamannafélagið yrði ekki aðili að nýjum samningi.

Bjarki Már Sverrisson yfirþjálfari knattspyrnudeildar þakkaði góðan fund. Vildi hvetja deildir til að sinna sölu á félagsvarningi af öllu tagi hvort sem aðalstjórn eða deildir hafi frumkvæðið. Fram kom í umræðum að ýmsar deilir selji varning en félagið vantaði félagsaðstöðu og stað þar sem félagsvarningurinn er til sýnis og sölu.

Fundarstjóri gaf að lokum formanni orðið.

Guðjón Helgason þakkaði traustið sem honum var sýnt. Hann þakkaði þeim aðilum sem hverfa úr stjórn og bauð velkomin þau sem koma ný inn.

Hann tók undir félagsvarningumræðuna og tók dæmi af Aftureldingarsængurfötunum sem öll börn í bænum ættu að eiga. Það efli félagsandann að fólk eigi félagsvörur. Að lokum þakkaði hann fundarstjóra og fundarritara þeirra störf.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund fyrir hönd embættismanna fundarins og lauk fundinum með orðunum Áfram Afturelding!

Fundi slitið klukkan 20.

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir